

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald til að standa undir kostnaði sveitarfélagsins af sorphirðu og sorpeyðingu.

2. gr.

Sorphirðugjaldið er lagt á hverja íbúð í lögsagnarumdæmi Skútustaðahrepps og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Auk þess er innheimt gjald af frístundahúsum með sama hætti.

3. gr.

Sorphirðugjaldið og úrvinnslugjald í Skútustaðahreppi er sem hér greinir:

- a) Sorphirðu- og sorpeyðingargjald á íbúð/íbúðarhúsnæði 43.260 kr.
- b) Frístundahús og hús þar sem ekki er föst búseta 21.630 kr.
- c) Sorptunnugjald fyrir nýja tunnu 19.600 kr.

Gjalddagar eru þeir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

- d) Verð á klippikorti fyrir gámasvæði (4 m³ af úrgangi), fyrir heimili 8.750 kr.

Eitt ókeypis kort fylgir hverju heimili einu sinni á ári.

- e) Gjöld lögaðila vegna úrgangs sem tekið er á móti í endurvinnslustöð eru eftirfarandi:

Fyrir áætlað lágmarksmagn allt að 100 kg eða 1,5 m³ skal greiða móttöku- og flutningsgjald kr. 4.200 og urðunargjald kr. 4.550 eða samtals kr. 8.750.

Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals móttöku- og flutningsgjald kr. 39,35 og kr. 46,75 urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m³ umfram 1,5 m³ bætast kr. 4.223 móttöku og flutningsgjald og kr. 4.532 urðunargjald.

Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, s.s.: pappaumbúðir, plastumbúðir, hjólbarða, heyrulluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur gjaldskrá nr. 8/2017 um sorphirðu í Skútustaðahreppi úr gildi.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 13. desember 2017.

Skútustaðahreppi, 14. desember 2017.

Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.